

Föstudaginn 28. júní 1991.

Nr. 226/1991. **Eignarhaldsfélag**

Verslunarbanka Íslands hf.

gegn

Fjölmiðlun sf.

Kærumál. Matsmál. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. maí 1991 með vísan til 21. gr., sbr. 22. gr., laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hann krefst þess, að úrskurður héraðsdómara um dómkvaðningu matsmanna verði felldur úr gildi og varnaraðili dæmdur til að greiða málskostnað í héraði svo og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Á hluthafafundi í Íslenska sjónvarpsfélaginu hf. 31. desember 1989 var samþykkt að hækka hlutafé félagsins um 400.000.000 krónur. Var þetta tilkynnt til Hlutafélagaskrár 10. janúar 1990 og jafnframt, að fyrir lægi áskrift fyrir allri hlutafjárukningunni. Hefðu þegar verið greiddar 110.000.000 krónur. Ógreidd hlutafjárloforð næmu 290.000.000 krónum, er greiddast ættu eigi síðar en 5. febrúar 1990. Þá var gerð grein fyrir nokkrum breytingum á samþykktum félagsins og þess að lokum getið, að samþykkt hefði verið að heimila stjórninni að auka hlutafé félagsins enn um 100.000.000 krónur.

Í hinum kærða úrskurði er gerð grein fyrir samningi þeim, sem gerður var 9. janúar 1990 um hlutafjárloforð nafngreindra aðila, og samtökum, sem þeir bundust með því að stofna félagið Fjölmiðlun sf. Hafa þeir kosið að hafa þann hátt á að bera fram beiðni um dómkvaðningu matsmanna, sem mál þetta er risið af, í nafni félagsins. Félag þetta getur verið aðili dómsmáls. Félagsmenn þess telja sig hafa keypt hlutabréfin af sóknaraðila og eiga í deilu við hann og engan annan um verðgildi bréfanna á söludegi.

Sóknaraðili telur sig ekki vera beinan aðila að matsmáli þessu, þótt því sé að honum beint, en hafi vegna hugsanlegra hagsmuna

sinna tekið til varna. Úr þessum ágreiningi aðila verður ekki skorið í þessu máli.

Svo sem fram kemur í matsbeiðni, biður matsbeiðandi um dómkvaðningu matsmanna til þess að meta rétt gengi hlutabréfa í Íslenska sjónvarpsfélaginu hf. um áramótin 1989/1990 í ljósi tiltekinnar staðreynda, sem hann gerir nánari grein fyrir. Er því ætlun matsbeiðanda, að matið sé einskorðað við ákveðnar forsendur, sem hann telur fullnægjandi til styrktar sjónarmiðum sínum. Virðist því ekki ætlun matsbeiðanda að fá matsmenn til að leggja mat á það, hvort fleiri atriði kunni að hafa áhrif á rétt gengi hlutabréfanna. Matsmenn verða að hafa frjálsar hendur við mat sitt á réttu verðgildi hlutabréfanna. Þykir því að svo stöddu verða að synja um dómkvaðningu matsmanna.

Lögmennt aðila hafa báðir eftir framlagningu venjubundinna greinargerða sent Hæstarétti fjölda athugasemda og skjala. Á það sér ekki stöð í lögum. Ber að átella þetta.

Í máli þessu verður hvorki dæmdur málskostnaður í héraði né kærúmálskostnaður.

D ó m s o r ð:

Umbeðin dómkvaðning matsmanna fer ekki fram að svo stöddu.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 3. maí 1991.

Mánudaginn 22. apríl sl. var tekinn til úrskurðar ágreiningur vegna beiðni Sigurðar G. Guðjónssonar hrl. f.h. Fjölmíðlunar sf., kt. 490491-1129, Suðurlandsbraut 4 A, Reykjavík, um dómkvaðningu tveggja hæfra og óvilhallra matsmanna til þess að skoða og meta eftirfarandi, eins og segir í matsbeiðni:

„Hvert var rétt gengi hlutabréfa í Íslenska sjónvarpsfélaginu hf. um áramótin 1989/1990 í ljósi neðangreindra staðreynda, sem matsmenn leggi til grundvallar mati þessu.

Í fyrsta lagi í ljósi þeirrar staðreyndar, að í endurskoðuðum og samþykktum ársreikningi Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. fyrir árið 1989 kemur fram, að eigið fé félagsins í árslok 1989 var neikvætt um kr. 339.940.484 þrátt fyrir hlutafjárauðningu, að fjárhæð kr. 400.000.000, hinn 31. des. 1989, þannig, að eigið fé Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. fyrir nefnda hlutafjárauðningu var neikvætt um 739.940.484 kr., en ekki kr. 500.000.000, eins

og forsvarsmenn Verslunarbanka Íslands hf. kynntu með framlagningu gagna frá lánasviði Verslunarbanka Íslands hf., dags. 20. des. 1989, er þeir seldu samtals kr. 250.000.000 af kr. 500.000.000 hlutafjárukningu í Íslenska sjónvarpsfélaginu með samningum, dagsettum 9. janúar 1990 og 19. janúar 1990, á genginu einn.

Í öðru lagi í ljósi þeirrar staðreyndar, að hlutabréf voru keypt á nafnverði, sem er sönnun þess, að kaupendur hafi metið viðskiptavild Íslenska sjónvarpsfélagsins hf., sem fyrst og fremst felst í framtíðarhagnaðarvon félagsins, á kr. 500 milljónir, þ.e. fjárhæð, sem er jöfn neikvæðu eiginfé félagsins samkvæmt upplýsingum Verslunarbanka Íslands hf. um áramót 1989/1990.

Í þriðja lagi í ljósi þeirrar staðreyndar, að eiginfjárstaða Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. og Íslenska myndversins hf., sem er dótturfyrirtæki þess fyrrnefnda, var í heild lakari um kr. 361.000.000 um áramótin 1989/1990 umfram það, sem forsvarsmenn Verslunarbanka Íslands hf. kynntu, er þeir seldu áðurgreint hlutafé í Íslenska sjónvarpsfélaginu hf.

Fjárhæð þessi sundurliðast þannig:

a) Mismunur á eigin fé samkvæmt samþykktum og endurskoðuðum ársreikningi 1989 og gögnum frá lánasviði Verslunarbanka Íslands hf., dags. 20.12.1989	kr. 240.000.000
b) Ofmat fasteignarinnar Lynghóls 5, Reykjavík	kr. 62.000.000
c) Ofmat hlutabréfa í Íslenska myndverinu hf.	kr. 35.000.000
d) Skuldabréf á hendur eldri hluthöfum	kr. 24.000.000
	kr. 361.000.000“

Við fyrirtöku málsins 22. apríl sl. var gerð sú krafa af hálfu matsbeiðanda, að matsþoli greiddi matsbeiðanda málskostnað vegna dómkvaðningarinnar, og bæri málskostnaðurinn vexti frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar.

Af hálfu Eignarhaldsfélags Verslunarbankans hf. er því haldið fram, að Eignarhaldsfélag Verslunarbankans hf. hafi ekki verið seljandi umræddra hlutabréfa og beri enga ábyrgð gagnvart kaupendum þeirra. Þegar af þeirri ástæðu sé matsmáli þessu ranglega beint að Eignarhaldsfélaginu. Þrátt fyrir það gæti hugsanleg dómkvaðning matsmanna og eftirfarandi matsgerð haft í för með sér réttarspjöli fyrir Eignarhaldsfélagið, og því krefst stjórn Eignarhaldsfélags Verslunarbankans hf. þess, að beiðni þessari um dómkvaðningu matsmanna verði hafnað og henni vísað frá dómi, og jafnframt, að matsbeiðanda verði gert að greiða málskostnað.

Kröfu sína byggir matsþoli aðallega á eftirfarandi málástæðum:

1. Samkvæmt matsbeiðni sé matsbeiðandi fyrirtækið Fjölmíðlun sf., Suðurlandsbraut 4 A, Reykjavík. Fyrirtæki þetta hafi verið óskráð, þá er beðið var um dómkvaðningu matsmanna, enda þótt það hafi nú verið skráð.
2. Samkvæmt hlutaskrá Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. frá desember 1990 séu hluthafar félagsins rétt innan við 200, og matsbeiðandi sé ekki talinn upp meðal þeirra og hafi ekki verið talinn hluthafi frá stofnun félagsins, svo að vitað sé. Ekki liggi fyrir, hvernig réttur matsbeiðanda til þess að stofna til matsmáls þessa sé til kominn. Á fyrri hluta árs 1990 hafi komið upp álitaefni milli þeirra kaupenda hlutafjár í Íslenska sjónvarpsfélaginu hf., sem hafi keypt hlutafé í félaginu í janúar 1990, og Eignarhaldsfélags Verslunarbankans hf. og Íslandsbanka hf., en þau álitaefni hafi verið leyst endanlega með samkomulagi 22. mars 1990, og þá hafi hluthafarnir Jóhann J. Ólafsson, Jón Ólafsson og Haraldur Haraldsson lýst yfir, að þeir myndu „ekki standa að kröfugerð á hendur ÍSF (Íslenska sjónvarpsfélaginu hf.), EVÍ (Eignarhaldsfélagi Verslunarbankans hf.) eða Íslandsbanka hf. vegna atriða, er varða hlutafjárkaup í ÍSF, og ráðstöfun þess hlutafjár, allt vegna atriða, sem aðilum er eða má vera kunnugt um til þessa dags (22. mars 1990)“. Þau álitaefni, sem matsbeiðni þessi fjallar um, hafi verið komin fram 22. mars 1990.
3. Jafnvel þótt ekki yrði fallist á að vísa máli þessu frá og hafna beiðni um dómkvaðningu matsmanna af framangreindum ástæðum, beri að hafna matsbeiðni svo sem hún er fram sett. Óskað sé eftir sjálfstæðu mati óvilhallra matsmanna um verðmat umræddra hlutabréfa miðað við áramótin 1989/1990, en þess jafnframt krafist, að þeir meti verðmæti umræddra hlutabréfa í ljósi ákveðinna upplýsinga frá matsbeiðanda sjálfum, sem hann kallar „staðreyndir“. Þessar svokölluðu staðreyndir byggist aftur á móti á samstæðureikningi Íslenska sjónvarpsfélagsins hf., dags. 30. okt. 1990, og núverandi stjórn og eigendur Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. hafa staðið að. Þessi samstæðureikningur geti verið efnislega umdeilanlegur, og ljóst sé, að hann hafi ekki legið fyrir um áramótin 1989/1990. Matsbeiðandi krefjist þannig mats eftir ákveðinni forskrift, en slíkt samrýmist ekki ákvæðum 139. gr., sbr. 140. gr. l. nr. 85/1936 um matsbeiðnir og matsgerðir.

Leitað var um sættir vegna ágreinings aðila án árangurs.

Niðurstaða.

Lagður hefur verið fram sem dskj. 2 hluthafasamningur, dags. 9. janúar 1990, þar sem fram kemur, að hluthafar, sem höfðu skráð sig fyrir 250 milljón króna hlutafé, gerðu með sér samning, þar sem þeir lofuðu að

kaupa hlutabréf, að fjárhæð kr. 250.000.000, í Íslenska sjónvarpsfélaginu. Í samningi þessum segir m.a. svo: „Bréf þessi eru nú til sölu hjá Eignarhaldsfélagi Verslunarbanka Íslands hf.“ Samningur þessi er undirritaður f.h. Eignarhaldsfélags Verslunarbanka Íslands hf. af Gísla V. Einarssyni, Þorvarði Elíassyni og Höskuldi Ólafssyni. Jafnframt er samningurinn undirritaður svo: Kort h/f Haraldur Haraldsson, Jón Ólafsson og f.h. Sigurðsson & Snæbjörnsson hf. Jóhann J. Ólafsson og Guðjón Oddsson. Hluthafasamningi þessum fylgir hlutafjárloforðalisti, þar sem taldir eru fjórir aðilar, sem skrifuðu sig fyrir kr. 250.000.000 hlutafé, þ.e. Haraldur Haraldsson kr. 50.000.000, Sigurðsson & Snæbjörnsson hf. kr. 50.000.000, Jón Ólafsson kr. 50.000.000 og Eignarhaldsfélag Verslunarbanka Íslands hf. kr. 100.000.000. Tekið er fram, að einstökum aðilum á lista þessum sé heimilt að leita eftir fjárframlögum fleiri aðila og selja þeim hluta af hlutafjárloforði sínu.

Í skjölum málsins kemur fram, að Fjölmiðlun sf. var stofnuð 13. janúar 1990. Samkvæmt stofnsamningi er tilgangur félagsins að kaupa hlutafé í Íslenska sjónvarpsfélaginu, Kapalsjónvarpi hf., Reykjavík, svo og að koma fram fyrir hönd félagsmanna við ákvarðanatökur í því félagi. Meðal stofnenda, sem voru 11, voru þeir Haraldur Haraldsson, Jón Ólafsson, Jóhann Ólafsson og Guðjón Oddsson. Stofnendur lögðu fram mismunandi stofnframlög, en samtals nam stofnframlag þeirra kr. 150.000.000. Félagið var skráð 9. apríl 1991. Á dskj. 20 er kvittun, dags. 15. janúar 1990, stíluð á Fjölmiðlun sf. v/Jóns Ólafssonar, kr. 17.000.000, undirrituð af Höskuldi Ólafssyni f.h. Eignarhaldsfélags Verslunarbanka Íslands hf., og á dskj. 21 kvittun frá sama, dags. 26. janúar 1990, stíluð á Fjölmiðlun sf. v/Jóhannesar Óla Guðmss., kr. 3.000.000.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, verður ekki á mótmæli af hálfu Eignarhaldsfélags Verslunarbanka Íslands hf., byggð á aðildarskorti, fallist. Ekki þykir skipta máli í þessu sambandi, hvenær Fjölmiðlun sf. var skráð, enda virðist matsþoli hafa viðurkennt tilvist matsbeiðanda.

Það er ekki í verkahring matsdómara að taka afstöðu til efnisatriða málsins og þá ekki heldur til áreiðanleika samstæðureiknings Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. né hverju varði samkomulag, sem hluthafarnir Jóhann J. Ólafsson, Jón Ólafsson og Haraldur Haraldsson gerðu 22. mars 1990 við Íslenska sjónvarpsfélagið hf., Eignarhaldsfélag Verslunarbankans hf. og Íslandsbanka hf.

Verið getur, að matsbeiðanda skipti máli að fá mat dómkvaddra manna á atríðum þeim, sem í matsbeiðni greinir, og ber því að taka kröfu matsbeiðanda til greina, enda verður ekki á það fallist, að matsbeiðnin brjóti gegn 139. og 140. gr. l. nr. 85/1936.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Uppkvaðning úrskurðarins hefur dregist nokkuð vegna anna dómarans, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Umbeðin dómkvaðning fari fram.

Málskostnaður fellur niður.
